


| | | |
|-------------------|-------------------------------------|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 08 | | |
| Dags.: 30.08 2011 | | |
| Höfundur: HRS | | |
| Samþykkt:SHJ | ENS 102 | |
| Síða 1 af 2 | Kennsluáætlun, Haustönn 2012 | |

| | | | |
|----------------|---|---------------|--------------------------|
| Kennari | Anna Berglind Pálmadóttir Anna María Steinke Guðjón Ólafsson Jónas Jónsson | Sk.st. | ANP AMS GÓL JÓJ |
|----------------|---|---------------|--------------------------|

Áfangalýsing:

Rífuð er upp grunnmálfræði og bætt við eftir því sem tilefni gefst í efnislegu samhengi við aðra þætti námsins. Aukin áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Hraðlesið efni valið við hæfi nemenda. Enskt talmál æft, m.a. í tengslum við lesefnið, svo og skriflegi þátturinn, með ýmis konar æfingum.

Markmið:

Að nemandi:


- ráði við mismunandi lestrarlag eftir aðstæðum
- geti lesið margvíslega texta, t.d. óstytta bókmenntatexta
- geti tekið þátt í almennum samræðum á ensku
- hafi vald á helstu málfræðiatríðum enskrar tungu og geti nýtt sér þau í skapandi ritun þar sem vald á skipulagningu texta kemur einnig fram

Námsgögn:

Echoes of English ENS 102, haustönn 2012. Hefti sem fæst á skrifstofu VMA
ENS 102 Short Stories. Hefti sem fæst á skrifstofu VMA

Áætlun um yfirferð:

| Vika | Námsefni (bóklegur hluti) | Verkefni |
|---|--|---|
| Vikur 34 til 37 21. ág. - 14. sept. | Kynning á námsefni áfangans. Lesnir kaflar 1 - 3 í <i>Echoes of English (EoE)</i> , málfræði skoðuð og verkefni unnin. | Kaflapróf úr köflum 1 - 3 (5%). Stílar / önnur verkefni eftir þörfum. |
| Vikur 38 til 41 17. sept. - 12. okt. | Lesnir kaflar 4 - 6 í <i>EoE</i> , málfræði skoðuð og verkefni unnin. | Smásagan "Lamb to the Slaughter" lesin, rædd og unnin úr henni verkefni (4%). Kaflapróf úr köflum 4 - 6 (5%). Ritunarverkefni (5%) í 4. kafla <i>EoE</i> |

| | | |
|-------------------|-------------------------------------|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 08 | | |
| Dags.: 30.08 2011 | | |
| Höfundur: HRS | | |
| Samþykkt:SHJ | ENS 102 | |
| Síða 2 af 2 | Kennsluáætlun, Haustönn 2012 | |

| Vika | Námsefni (bóklegur hluti) | Verkefni |
|------------------------------------|--|---|
| Vikur 42 til 45 15. okt.-9.nóv. | Lesnir kaflar 7 - 8 í <i>EoE</i> , málfræði skoðuð og verkefni unnin. | Smásagan "Shatter Proof" lesin, rædd og unnin úr henni verkefni (4%). Kaflapróf úr köflum 7 - 8 (5%). |
| Vikur 46 til 48 12.nóv.-30.nóv. | Lesnir kaflar 9 - 10 í <i>EoE</i> , málfræði skoðuð og verkefni unnin. | Smásagan "Rendezvous" lesin, rædd og unnin úr henni verkefni (4%). Ritunarverkefni (5%) afhent af kennara. Stílar / önnur verkefni eftir þörfum. Hlustunarpróf (8%) |

Verkefni / Námsmat og vægi námsþátta:

| Lýsing | Vægi |
|--|------|
| Verkefni úr smásögum | 12% |
| Stílar og skrifleg verkefni, gilda öll jafnmikið | 5% |
| Ritunarverkefni (5% hvert) | 10% |
| 3 kaflapróf (5% hvert) | 15% |
| Hlustunarpróf | 8% |
| Lokapróf | 50% |

Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn heilan fyrir hvern virkan dag sem líður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara. Ekki verður um að ræða endurtektar- eða sjúkrapróf í verkefnum en í staðinn eykst vægi þeirra verkefna, sem nemandi hefur skilað, **geti hann sýnt fram á réttmæt forföll**. Lágmarkseinkunn er 5 og skal hver nemandi ná henni bæði í lokaeinkunn og prófseinkunn. Það þýðir að námseinkunnir reiknast ekki með í annareinkunn nema nemandinn ná einkunninni 5 (þ.e. 45 til 54% markmiða náð) á lokaprófi.

Réttur til breytinga áskilinn.

Dagsetning: 20. ágúst 2012

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils